

4. fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 15.maí 2018 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði, kl. 13:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fosdal Melum 1, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Ingólfur Benediktsson Árnes 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð. Halldóra Pálsdóttir hjá Kpmg ehf er með hreppsnefnd á símafundi.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningar 2017 – seinni umræða.
 2. Erindi frá Elínu Öglu tekið til afgreiðslu.
 3. Bréf til Vegagerðar og samgönguráðherra, gengið frá og undirritað.
 4. Kauptilboð í jörðina Kamb, lagt fram til kynningar.
 5. Minnisblað frá Lögmannsstofunni Sókn/Jóni Jónssyni lagt fram til kynningar.
-
1. Ársreikningar fyrir árið 2017 tekinn til síðari umræða. Halldóra fór yfir Endurskoðunarskýrslu með hreppsnefnd. Einnig farið yfir hvaða blöð hreppsnefnd og oddviti eiga að undirrita og voru þau undirrituð í kjölfarið. Engar breytingar voru gerðar á ársreikningi frá fyrri umræðu. Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 49,1 millj.kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 45,3 millj.kr.
Rekstrarniðurstða ársreikninga A og B hluta var neikvæð um 10,4 millj.kr. og í A hluta neikvæð um 10,5 millj.kr. Eigið fé sveitarfélagsins skv. ársreikningi í árslok 2017 nam 67,1 millj.kr., en eigið fé A hluta nam 66,5 millj.kr.
Fyrir A hluta var veltufé til rekstrar 10,1 millj.kr. og handbært fé til rekstrar 0,7 millj. kr. Fyrir A og B hluta var veltufé til rekstrar 9,0 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 0,4 millj.kr.
Veltufjárlutfall A og B hluta var 2,19 , eiginfjárlutfall 83% og skuldahlutfall 27,8%. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 7,8 millj.kr. Ekki voru tekin ný langtímalán á árinu 2017. Handbært fé í ársbyrjun var 24,5 millj.kr. en í árslok 17,1 millj.kr. Meirihluti hreppsnefndar samþykkti ársreikning og endurskoðunarskýrslu fyrir árið 2017 með 3 atkvæðum (að uppfylltum skilyrðum um endurgreiðslu til VesturVerks ehf), tveir voru á móti.
Ingólfur Benediktsson leggur fram eftirfarandi athugasemd við ársreikningana. „Hann gerir alvarlegar athugasemdir við að allir reikningar sem koma frá Lögmannsstofunni Sókn, eru greiddir af VesturVerki. Þar skiptir engu máli hvort sú vinna sem þar er

unnin er vegna Hvalárvirkjunar og skipulagi henni tengt, en fyrir aðra vinnu sem unnin er fyrir sveitarfélagið. Þar má nefna vinnu við fundarsamþykkt og athugun á trygginum vegna krana. Og þarf af leiðandi er ekki hægt að álíta annað en að Jón Jónsson lögmaður sé í vinnu hjá VesturVerki. Þar af leiðandi get ég ekki samþykkt ársreikning“.

2. Erindi frá Elínu Öglu varðandi kostnað af skólagöngu fjarri heimabyggð. Hreppsnefnd var sammála um að verða við þessari beiðni og samþykkir umbeðna upphæð kr. 650.000,-.
3. Bréf til Vegagerðarinnar og samgönguráðherra var yfirfarið, lagfært , prentað út og undirritað.
4. Kauptilboð í jörðina Kamb. Kauptilboðið var lagt fram til kynningar og ákveðið var að taka málið til afgreiðslu. Eftir smá umræðu varð ákveðið að taka tilboði þessu upp á kr. 9.700.000,- með þeim fyrirvara að nægilegs hlutafjár verði aflað. Þá mun verða gengið frá samningi ef öllum skilyrðum verður fullnægt.
5. Minnisblað frá Lögmannstofunni Sókn/Jóni Jónssyni lagt fram til kynningar. Ingólfur Benediktsson og Hrefna Þorvaldsdóttir fordæma vinnubrögð við gerð umrædds minnisblaðs og skort á upplýsingum til hreppsnefndarmanna. Gagnrýni kom einnig fram á að fréttamiðlar skyldu fá aðgang að minnisblaðinu fljótlega eftir að því var komið til hreppsnefndar. Ingólfur óskar einnig eftir að fá send öll tölvusamskipti milli oddvita og Kristins H Gunnarssonar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.15:30.